



Reglugerð um öryggisráð AKÍS

GREIN 1 SKIPAN

- 1.1 Öryggisráð skal skipa til að vera ráðgefandi um öryggismál í þeim greinum sem stundaðar eru innan AKÍS.
- 1.2 Stjórn AKÍS skipar formann og að lágmarki tvo aðra í ráðið og skal leitast við að velja einstaklinga sem sérfróðir eru um málefnið og hafa víðtæka þekkingu á mismunandi greinum akstursíþróttanna.
- 1.3 Stjórn AKÍS heldur lista yfir þá sem sitja í öryggisráði hverju sinni.
- 1.4 Þegar skipunartími öryggisráðsmanns er liðinn skipar stjórn AKÍS í laust sæti að nýju.

GREIN 2 HLUTVERK

- 2.1 Öryggisráði ber að:
 - 2.1.a samræma eftir því sem við á öryggiskröfur sem gerðar eru í mismunandi greinum akstursíþróttanna á Íslandi;
 - 2.1.b hafa samráð við stjórn AKÍS, keppnisráð og keppnishaldara í störfum sínum;
 - 2.1.c huga jafnt að málum er varða keppendur, starfsfólk, áhorfendur, fjölmiðlafólk og almenning;
 - 2.1.d leitast við að nýta þekkingu og reynslu sem aðgengileg er með alþjóðasamstarfi, svo sem hjá FIA og systursamtökum AKÍS í öðrum löndum;
 - 2.1.f sjá um fræðslu, þjálfun og viðurkenningu öryggisfulltrúa og sjá þeim fyrir nauðsynlegum stuðningi;
 - 2.1.g leitast við að safna saman sem mestri þekkingu um öryggismál og koma henni á framfæri á vef AKÍS og öðrum heppilegum vettvangi eftir atvikum;
 - 2.1.h tryggja að fundargerðir séu ritaðar gegnum fundargerðagátt á vefsíðu AKÍS.

GREIN 3 SAMSKIPTI

- 3.1 AKÍS heldur lista yfir netföng þeirra sem sitja í öryggisráði hverju sinni.
- 3.2 Samskipti AKÍS við öryggisráð eru með tölvupósti.
- 3.3 Öryggisráð getur fengið aðgang að samskiptasvæði á samfélagsmiðli á vegum AKÍS ef það kýs að nýta sér þá leið til samskipta innan ráðsins.
 - 3.3.a Við mannbreytingar í ráðinu er samskiptasvæðið endurnýjað nema allir aðilar þess óski eftir að það sé ekki gert.
- 3.4 AKÍS úthlutar öryggisráði netfang @akis.is sem allir geta notað til að koma erindum til ráðsins.